

Ágæta menningar- og safnanefnd Garðabæjar

Ég vil hér með koma á framfæri hugmyndum mínum um hvað sé hægt að gera til efla starfsemina kringum safnið í Króki á Garðaholti og jafnframt sækja ég um styrk til framkvæmdar menningarverkefna í tengslum við safnið og umhverfi þess.

Ég hef mikinn áhuga á að efla starfsemina í Króki og vekja meiri athygli á þessu skemmtilega og að sumu leyti einstæða safni í eigu Garðabæjar. Þá er svæðið í kring, hið forna Garðahverfi einnig mjög áhugavert minjasvæði og væri æskilegt að tengja þetta tvennt saman. Meðan ég starfaði sem sérfræðingur á Þjóðminjasafni Íslands annaðist ég meðal annars fornleifaskráningu í Garðahverfi ásamt Ragnheiði Traustadóttur. Afrakstur þeirrar vinnu kom út í 140 blaðsíðna skýrslu árið 2004 en vegna þess hve mikið reyndist vera af merkjum minjum í Garðahverfi hvarf Garðabær frá fyrirhuguðum byggingaframkvæmdum á svæðinu.

Undanfarin sumur hef ég starfað sem safnvörður í Króki og annast leiðsögn um safnið meðan það er opið á sunnudögum (þ.e. í júní, júlí og ágúst kl. 13-17). Ég mun einnig sjá um safnið í sumar og vil gjarnan auka aðgengi og aðsókn að því.



Krókur og Garðahverfi

Svona til að rifja upp helstu atriðin um safnið sem hér um ræðir þá er Krókur lítill bárujárnslæddur burstabær sem var endurbyggður úr torfbæ árið 1923, og er nú varðveittur sem safn með upprunalegu innbúi síðustu ábúenda, hjónanna Þorbjargar Stefaníu Guðjónsdóttur og Vilmundar Gíslasonar. Þorbjörg bjó í Króki allt til 1985 en afkomendur þeirra Vilmundar gáfu Garðabæ bæjarhúsin ásamt innbúi árið 1998 og er bærinn gott dæmi um alþýðuheimili frá fyrri hluta 20. aldar. Krókur á sér þó lengri sögu því á undan núverandi húsi stóð þarna torfbær sem er fyrst nefndur í manntali árið 1801.

Krókur er jafnframt hluti af stærri heild hins forna Garðahverfis kringum Garðakirkju. Jörðin Garðar, sem Garðahverfi, Garðakirkja og Garðabær eru síðar kennd við, er fyrst nefnd í *Hrafnkötlu* og hefur miðað við það verið komin í byggð þegar á 10. öld en Garðakirkja er fyrst nefnd árið 1200. Ýmsar af hinum jörðunum, svo sem Bakki, Dysjar, Hlíð og Hausastaðir eru einnig fornar og koma fyrst fyrir í heimildum á 14. öld þannig að ljóst er að þarna hefur verið byggð öldum saman. Í Garðahverfi var áður fyrir útræði með tilheyrandi verbúðum og tómthúsum á 17., 18. og 19. öld og vísir að svolitlu

sjávarþorpi kringum kirkjustaðinn Garða. Mikið af sýnilegum minjum er á svæðinu frá þessum tíma og því er það að mörgu leyti kjörið fyrir minjagöngur. Þarna er einnig mjög falleg náttúra en þótt svæðið sé umlukið þéttri byggð Garðabæjar og Hafnarfjarðar er þarna friðsæl sveit og það eykur við töfrana að enn þá er búskapur á fornum ábúðarjörðum í hverfinu.



Skotbyrgi í Garðaholti

Minjagöngur um Garðahverfi og nágrenni

Sótt er um styrk til að fara í þrjár skipulagðar minjagöngur í sumar sem allar myndu enda í Króki. Tilvalið væri að fara í göngurnar á laugardögum, t.d. í maí, júní, júlí, ágúst eða september.

1. Gengið yrði frá Króki meðfram gamla Garðatúngarðinum sem er uppistandandi á köflum en hann varði áður Garðahverfið norðan megin. Tóftir af tómthúsum og verbúðum yrðu skoðaðar í leiðinni, gengið niður með Skógtjörn og skoðaðar búsetuminjar við vatnið og rústir frá Hausastöðum og Katrínarkoti. Loks yrði gengið meðfram gamla sjógarðinum sem er varðveittur á kafla, framhjá rústum í Móakoti, Miðengi og Hlíð og upp að Garðalind, hinu forna vatnsbóli Garðahverfis sem varðveitt er neðan Garðakirkjugarðs. Þessa minjagöngu væri best að fara í annað hvort í maí eða september þar eð hún er háð gróðurfari og fuglavarpi. Á köflum er ekki hægt að fylgja neinum stígum og þá er vont að komast áfram ef gróður er orðinn mikill og á varptímanum eru fuglarnir í árásarham þegar komið er niður í fjöru.
2. Önnur gangan myndi hefjast við jörðina Bala sem var sú austasta í Garðahverfi en þaðan yrði gengið eftir gamla vagnaveginum sem lá yfir hraunið milli Garðahverfis og Hafnarfjarðar og skoðaðar fornar varir, hleðslur og tóftir frá þeim tíma sem þarna var útræði.
3. Í þriðju göngunni yrði byrjað við Garðastekk við Gálgahraun og þaðan gengið eftir gamla Garðaveginum upp í Garðaholt og skoðaðar ýmsar minjar þar, meðal annars skotbyrgi frá stríðsárunum, tóft frá vita í holtinu og sérstaklega fjallað um örnefni á svæðinu sem bera vitni um athafnir og störf fólks sem þarna hafðist við á fyrri öldum.

Gert er ráð fyrir að hver ganga taki eina klukkustund og að þær endi allar í Króki þar sem göngufólkinu yrði boðið upp á kaffi og meðlæti, jafnframt því að fá leiðsögn um safnið. Í heildina má því gera ráð fyrir að þetta taki um tvær klukkustundir, auk undirbúnings. Þar eð ég yrði alfarið með

Þetta á eigin könnu myndi ég einnig þurfa að annast kynningu á viðburðunum, auk þess sem ég þyrfti að sjá um að hella upp á kaffi og ef til vill baka klatta/lummur áður en göngufólkið mætir á staðinn. Ég þyrfti því sjálf að vera mætt í Krók tveimur klukkustundum fyrir í hvert skipti.

Kostnaður:

- Þrjár minjagöngur 90.000,- (30.000,- fyrir hverja göngu)
- Aukaleg vinna við kynningu hvernar göngu 30.000,- (10.000,- fyrir hvert skipti)
- Meðlæti 18.000,- (6.000,- fyrir hvert skipti)
- **Samtals 138.000,-**

Minjagöngur og listasmiðjur með börnum

Jafnframt minjagöngum fyrir fullorðna væri skemmtilegt að bjóða upp á sérstaka barnaleiðsögn um Krók og fara í styttri minjagöngur með börnum, til dæmis 1) skoða tóftir og gamla vatnsbólið en þaðan mætti ganga niður að sjó. 2) Fara niður að Balatjörn og skoða gamla fiskhjallinn og vörina þar sem var uppsátur. 3) Ganga upp í Garðaholt og skoða skotbyrgin og ræða við börnin út frá því um stríðsárin í Garðahverfi. Eins og lengri minjagöngurnar myndu þessar enda í Króki þar sem börnin fengju að drekka og borða og síðan yrði þeim boðið að teikna eða mála myndir af því sem þau hafa séð í listasmiðju. Listasmiðjuna mætti annað hvort staðsetja í vinnustofu listamanns í íbúðarhúsinu eða hlöðunni og færi það eftir fjölda þátttakenda. Borð eru til staðar í vinnustofunni en ef hlaðan yrði fyrir valinu gæti ég lagt til borð. Leiðsögn um Krók og minjagöngur yrðu miðaðar við yngstu börnin, þ.e. börn á leikskólaaldri og yngstu skólabörnin.

Kostnaður:

- Þrjár minjagöngur og listasmiðjur með börnum 90.000,- (30.000,- fyrir hverja göngu og listasmiðju)
- Aukaleg vinna við kynningu hvernar göngu 30.000,- (10.000,- fyrir hvert skipti)
- Meðlæti 18.000,- (6.000,- fyrir hvert skipti)
- Efniskostnaður (litir, pappír o.s.frv.) 20.000,-
- **Samtals 158.000,-**

Fræðsluefni fyrir börn

Í tengslum við þetta hef ég hug á að útbúa sérstakt fræðsluefni um Krók fyrir börn, sem hægt verði að grípa til hvenær sem er þegar börn koma í heimsókn. Áhugavert er að benda krökkum á muninn á því hvernig fólk bjó í gamla daga og núna t.d. voru börnin fjögur í Króki ekki með eigin herbergi heldur sváfu þau öll saman í stofunni ásamt ömmu sinni. Börn hafa mikinn áhuga á koppunum sem geymdir eru undir rúmi í finni stofunni (karla- og kvennakoppar, barna- og ungmeðjakoppar), ásamt og gamla útikamrinum og eru hissa á því að heyra að svona hafi klósettið verið í gamla daga og má tvinna frásögn um það inn í leiðsögnina. Í tengslum við torfveggi hlöðunnar má segja þeim frá því að í gamla daga voru húsin byggð úr grjóti og og grastorfum. Þá má fræða þau um búskapinn, sýna þeim hvar kýrnar og hænsin voru höfð, hvar heyið var sett inn o.s.frv. Í tengslum við það er hægt að sýna þeim hornin af kýrinni Hyrnu og hrútinum Stóra-Keppa sem geymd eru í öskju í skápnum í baðstofunni. Í matjurtagarði Króks voru ræktaðir rabbabarár sem vaxa þar enn og auk þess rófur og kartöflur og í tengslum við það má leiða börnin út að gömlu kartöflugeymslunni sem er niðurgrafið jarðhýsi og sýna þeim hvernig fólk geymdi matinn í gamla daga. Í Króki eru varðveittir margir forvitnilegir munir, til dæmis dýrindis skeljar og kuðungar sem voru leikföng barnanna í Króki og tölur í krukku sem notaðar voru í leikinn tölustikk. (Þá var tölunum hlaðið upp og reynt að hitta þær úr ákveðinni fjarlægð með því að kasta lítilli steinvölu. Ef barn náði að kasta svo nálægt tölunum að það gæti spannað eða náð með greipinni eða hendinni frá steininum yfir að töluhrúgunni þá var það búið að vinna og eignaðist alla töluhrúguna.) Jafnvel væri hægt að prófa að fara í tölustikk með börnunum í hlöðunni en nota þá

einhverjar aðrar tölur en sjálfa safngripina. Þarna eru margir möguleikar og þarf því ekki annað til en fjármagn þannig að hægt sé að ráðast í verkefnið.

Barnaleiðsögn mætti taka saman á prenti og láta liggja frammi með bæklingum um Krók og einnig mætti setja hana inn á vef Garðabæjar í útprentanlegu formi, t.d. sem pdf-skjal eða skjöl. Efni af þessu tagi væri einnig tilvalið að nota til að taka á móti leikskólahópum og skólahópum.¹

- Þriggja daga vinna við að útbúa fræðsluefni og barnaleiðsagnir 90.000,-

Sunnudagur með Elínu Vilmundardóttur í Króki

Elín er dóttir Vilmundar og Þorbjargar, síðustu ábúenda í Króki. Hún ólst upp á bænum og er mikill fróðleiksbrunnur um lífnaðarhætti þar og staðhætti. Afar skemmtilegt er að hlusta á Elínu segja frá lífinu í Króki og því væri vel til fallið að bjóða henni í heimsókn einhvern sunnudag í sumar. Safnvörður, þ.e. undirrituð, yrði þá til aðstoðar og myndi að einhverju leyti leiða frásögnina áfram með spurningum eða eftir því sem á þarf að halda. Elín er komin yfir áttætt en er enn þá hress og hefur hingað til heimsótt safnið á hverju sumri og hef ég þá spjallað við hana. Það er þó ekki sjálfgefið að hún verði til taks áfram, komin á þennan aldur, og því er áríðandi að koma á svona degi meðan hægt er eða sem allra fyrst. Ég legg til að þessum viðburði verði fundinn tími einhvern sunnudag fljótlega í júní nú í sumar og yrði það þá jafnframt til að vekja aukalega athygli á því að nú sé búið að opna safnið aftur. Ég hef nefnt hugmyndina við Elínu og tók hún vel í hana. Við þetta tilefni væri gaman að baka klatta/lummur eða vöflur og bjóða upp á með kaffi og gæti undirrituð tekið það og einnig kynningu að sér en þá þyrfti ég aukatíma til undirbúnings.

Kostnaður:

- Greiðsla til Elínar 30.000,-
- Aukatími til safnvarðar vegna vöflubaksturs og kynningar 15.000,-
- Meðlæti 10.000,-
- **Samtals 55.000,-**

Jól í Króki

Ég legg til að safnið í Króki verði haft opið aukalega fyrsta sunnudag í aðventu og jólatré og skraut sett upp af því tilefni. Meðal safngripa er gamaldags jólatré sem geymt er í kassa í Króki og er löngu orðið tímabært að taka það fram á aðventunni. Í tengslum við þetta mætti hafa leiðsögn þar sem sérstaklega væri sagt frá jólonum og bjóða upp á piparkökur og/eða klatta, kaffi og/eða jólaglögg. Þar eð þetta krefst undirbúnings væri eðlilegt að setja tvöfalda vakt á slíkan dag.

Kostnaður:

- Tvöföld vakt 30.000,-
- Meðlæti 10.000,-
- **Samtals: 40.000,-**

Formleg skráning muna í Króki í gagnagrunn

Að lokum vil ég vekja athygli á nauðsyn þess að gengið sé frá formlegri skráningu safnsins í Króki en með því á ég við skráningu muna safnsins í gagnagrunn eins og til dæmis Sarp (<http://sarpur.is/>). Eins og mál standa nú er til skráning í handriti Elínar og Vilborgar Vilmundardætra en auk þess finnst ýmis konar handskrifaður fróðleikur frá þeim systur á miðum sem festir hafa verið við gripina á safninu. Þessir miðar eru farnir að fölna og slitna og er mjög brýnt að ráðast í skráningu á þessu þannig að það

¹ Í maí mætti tengja það heimsókn á Nýjabæ, næsta bæ fyrir neðan Krók, þar sem börnin gætu fengið að sjá lömbin. Það væri vitanlega háð vilja og áhuga ábúenda þar en þessari hugmynd er hér með komið á framfæri. Leikskólarnir fara árlega í heimsókn á bæi til að sjá lömbin en ekki þarf endilega að leita út fyrir Garðabæ.

fari ekki forgörðum. Á seinna stigi mætti síðan ljósmynda gripina þannig að hægt væri að setja myndir af þeim með skráningu í gagnagrunn.

Sarpur er sérstakt skráningarkerfi og menningarsögulegt gagnasafn sem söfn víðs vegar um landið hafa notað til að skrá menningarsöguleg verðmæti, t.d. muni, ljósmyndir, listaverk, hús, örnefni, þjóðhætti og fornleifar. Má nefna að við fornleifaskráningu í Garðahverfi árið 2003 skráði ég allar fornleifarnar í Sarp og byggir útgefin skýrsla á þeirri skráningu. Þjóðminjasafn Íslands þróaði fyrstu útgáfurnar af Sarpi og tók ég þátt í þeirri vinnu sem starfsmaður safnsins frá 1998 þannig að ég hef mikla reynslu af að vinna með þennan gagnagrunn. Síðar var stofnað Rekstrarfélag Sarps sem nú heldur utan um gagnagrunninn. Annars vegar er um að ræða ytri vef sem er opinn almenningi, hins vegar innri grunn sem einungis er opinn gagnaeigendum en hægt er veita þeim sem vinna að fræðilegum verkefnum aðgang að honum líka. Ef ráðist yrði í munaskráningu Króks, myndi innri vefurinn vera notaður en ytri vef mætti taka í notkun síðar þegar skráningu væri lokið.

Safnið í Króki fullnægir að vísu ekki öllum þeim skilyrðum sem þarf til að teljast formlegt safn (t.d. stofnskrá og ráðning safnstjóra o.s.frv. sbr. <http://www.safnarad.is/log-og-leidbeiningar/stofnskrar-safna/>) en ekkert er því til fyrirstöðu að Garðabær sem eigandi Króks gerist aðili að Sarpi. Öllum minjasöfnum, stofnunum og fyrirtækjum, bæði opinberum og einkareknum, sem varðveita menningarsögulegt efni af því tagi sem skráð er í Sarp stendur til boða að gerast aðilar en tilgangurinn er að samræma skráningu sambærilegra heimilda á landsvísu.

Lauslega áætlað hljóta að vera um 500 munir í safninu í Króki en þar á meðal eru einnig ljósmyndir sem þarf að skrá sérstaklega.² Við skráningu væri stofnað sérstakt skjal fyrir Krók sem safn og undirskjöl fyrir hvern safngrip. Auk þeirra muna sem nú eru til sýnis í Króki, er töluvert af gripum í geymslu í kössum, að því er mér skilst í Hofsstáðaskóla. (Þetta má sjá á skráningu Elínar og Vilborgar).

Ég vil hér með einnig koma á framfæri fyrirspurn um hvar þessir gripir eru niðurkomnir og hvað á að gera við þá en ég tel brýnt að gengið sé í það að koma þeim betur fyrir og skrá þá. Þarna mun meðal annars vera hjónarúm sem ekki hefur verið hægt að koma fyrir í Króki þar eð svefnherbergið sem hýsti það í ábúðartíð Þorbjargar og Vilmundar er nú nýtt sem vinnustofa fyrir listamenn. Hins vegar eru þarna líka ýmsir minni munir sem vel væri hægt að finna stað í safninu með núverandi fyrirkomulagi, til dæmis ýmis föt og klæði. Þrýði væri að því hengja fötin upp í skápa sem nú standa tómir í Króki (skápur í svefnherbergi/vinnustofu og skápur í geymslunni við innganginn). Þá væri einnig vert að huga að því hvort hægt væri að setja upp sérsýningar með þessum gripum á sumrin, til dæmis í vinnustofunni sem ekki er nýtt að öllu leyti á sumrin eða í hlöðunni.

Aðild að Sarpi kostar um 100.000,- á ári en ef ráðist væri í skráningu á safninu í Króki mætti byrja á því að ráða undirritaða sem skrásetjara í mánuð og sjá hversu mikið vinnst á þeim tíma. Með tímanum gæti Sarpskráningin á Króki orðið aðgengileg almenningi á ytri vef og væri þá tilvalið að hafa flýthlekk yfir á það frá heimasíðu Garðabæjar.

Auk þess sem ég hef séð um safnið í Króki vil ég að lokum nefna að ég hef einnig verið myndlistamaður þar og haldið nokkrar listsýningar í hlöðunni ásamt Kömmu Níelsdóttur (þæfð ull). Allt slíkt er til þess fallið að vekja athygli á safninu í Króki og draga að fleiri gesti og má nefna að í fyrra mætti Fréttastofa sjónvarps í Krók í framhaldi af kynningu minni á sýningunni og tók fréttaskot frá safninu líka. Þessar sýningar hafa verið framlag mitt og Kömmu til Króks og höfum við boðið upp á klatta/lummur í tengslum við þær. Það hefur mælst vel fyrir og aukið aðsókn að safninu mikið en í fyrra mættu um 200 manns síðasta daginn sem safnið var opið. Við höfum hug á að halda svona sýningu í hlöðunni núna aftur, til dæmis í júlí, en önnur listakona, Álfheiður Ólafsdóttir, verður hugsanlega með sýningu í hlöðunni í ágúst. Undanfarin sumur hef ég hvatt aðra listamenn til að huga

² Varðandi ljósmyndirnar þá þarf einnig að huga að betri geymsluskilyrðum, þ.e. geyma þær í möppu með sýrufríu plasti til að verja þær skemmdum. Eins og stendur eru þær geymdar í möppu með venjulegu plasti.

að þessum möguleika og hafa ýmsir sýnt því áhuga. Ánægjulegt er ef hægt verður að hafa fleiri sýningar í sumar en áður.³

Þær hugmyndir sem ég hef viðrað hér eru af ýmsum toga, annars vegar eru minjagöngur fyrir börn og fullorðna sem ég sækir sérstaklega um styrk til frá Menningar- og safnanefnd Garðabæjar. Til þessara verkefna sækir ég um styrk að upphæð 296.000,- kr. en með lægri styrk væri að sjálfsögðu einnig hægt að framkvæma hluta af verkefnunum, t.d. fækka minjagöngum. Hins vegar legg ég til sérstaka tyllidaga, annars vegar sunnudag með Elínu Vilmundardóttur í sumar, hins vegar jól í Króki og má vera að eðlilegra sé að Garðabær kosti þess háttar daga (samtals 95.000,-). Slíkt hið sama á við um vinnu við að útbúa fræðsluefni fyrir börn (90.000,-) og skráningu Króks í gagnagrunn en þau verkefni tel ég að Garðabær ætti að fjármagna. Ég hef þetta þó allt með í umsókninni í von um að Menningar- og safnanefnd Garðabæjar geti komið þessu í þann farveg að hægt verði að koma þessum hugmyndum í framkvæmd. Safnið í Króki er algerlega sér á báti og auk þess eina byggðasögulega safnið í Garðabæ. Krókur er dulin perla í eigu bæjarins og væri sannarlega verðugt verkefni að vekja frekari athygli þessu safni jafnframt því að treysta stoðir þess og varðveisluskilyrði til framtíðar.

Með von um jákvæð viðbrögð

Rúna Kömmudóttir Tetzschner

Sími: 691-3214 eða 552-3214

Netfang: runakt@hive.is

Heimasíða: <http://www.ljósajörð.is>

<http://www.facebook.com/art.sparkles>

Meðfylgjandi er ferilskrá umsækjanda.



Garðatúngarður

³ Þetta er þó háð því að listamaðurinn sé líka sjálfur á staðnum meðan er opið því tvo þarf til að annast sýningu og safn þegar gestastraumurinn verður mikill.

Rúna K. Tetzschner

Ferilskrá



Rúna Knútsdóttir Tetzschner
kt. 060367-4429

Óðinsgötu 21 b - 101 Reykjavík
Sími: 691-3214 eða 552-3214

Netfang: runakt@hive.is

Heimasíða: <http://www.ljósajörð.is>
<http://www.facebook.com/art.sparkles>

Menntun

- Stúdentspróf frá Menntaskólanum í Reykjavík 1988.
- B.A. próf í íslensku frá Háskóla Íslands 2003.
- Stundar nú M.A. nám í norrænni trú við Háskóla Íslands, útskrift fyrirhuguð janúar 2017.

Námskeið

- Nám í Myndlistaskólanum í Reykjavík 1977-1983 og 1991.
- Námskeið í skrautritun og keramik í Tólstundaskóla Kópavogs 1989.
- Námskeið í fornleifaskráningu á Þjóðminjasafni Íslands 1995.
- Námskeið í landvörslu hjá Náttúruvernd ríkisins 1997.
- Starfsþjálfun í vefumsjón á námskeiðum hjá Hugsmiðjunni 2006-2007.
- Námskeið um bergristur frá bronsöld haldið á Tanums Hállristningsmuseum í Svíþjóð sumarið 2015.

I. Störf við umönnun og með börnum

1988-1989

- Aðhlynning á Vífilstaðaspítala. Starfaði einnig við sumarafleysingar á spítalanum frá 1985.

1989-1990

- Starfsmaður á leikskólanum Kirkjubóli. Starfaði einnig við sumarafleysingar á leikskólanum til 1994, sbr. meðmæli frá Þuríði Bogadóttur og Ósk Reynaldsdóttur.

2004

- Vann með börnum við leikrænar hljóðstöðvar á Þjóðminjasafninu: Börn voru fengin til að leika krakka á fyrri öldum og Rúna var verkefnisstjóri, leikstjóri og textahöfundur, sbr. lið II.A og meðmæli frá Brynhildi Ingvarsdóttur og Guðrínu Guðmundsdóttur.

2005-2010

- Ýmis konar listrænt starf með börnum sem höfundur barnabókarinnar *Ófétabarnanna* og annar höfundur geisladisksins *Ævintýraheimur ófétanna*, m.a. heimsóknir í skóla og leikskóla með leikrænum flutningi, myndlistarsýningu og samræðum við börnin. Listasmiðjur með börnum í tengslum við Listasumar á Akureyri 2006, sbr. nánar að neðan, liðir III.3 og IV.B og C (merkt með gulum lit).

2013-2014

- Starf á Frístundaheimilinu Regnbogalandi í Grafarvogi. Stýrði listasmiðjum með börnum.

II. Helstu störf á vettvangi fræða og safna

A. Þjóðminjasafn Íslands 1996-2008

Maí-ágúst 1996:

- Sumarstarf við fornleifarannsókn á Hofsstöðum í Garðabæ.

1998-2003:

- Sérfræðingur á rannsóknasviði Þjóðminjasafnsins (fornleifar og húsasafn), m.a. aðstoðarstjórnandi fornleifarannsóknarinnar á Hofsstöðum í Garðabæ og upplýsingafulltrúi fornleifarannsóknarinnar í Reykholti í Borgarfirði.
- Fornleifaskráning og skýrslugerð í Mosfellsbæ, Vatnsdal og Garðabæ, t.d. Garðahverfi, Álftanes o.fl.
- Gerð margmiðlunarefnis fyrir minjagarð á Hofsstöðum.
- Skráning húsa og fornleifa í Sarp, rafrænan gagnagrunn Þjóðminjasafnsins.
- Úrvinnsla gagna fyrir Húsadeild Þjóðminjasafnsins, m.a. handritalestur og skráning fyrir verkefnið Kirkjur Íslands.

2004:

- Verkefnisstjóri Radda fyrri alda, hljóðstöðva á grunnsýningu Þjóðminjasafnsins, við sýningargerð fyrir enduroppnun safnsins 2004.
- Gerð margmiðlunarefnis, einkum margmiðlunarkynningar um þróun húsagerðar á Íslandi eftir 1500.

2005:

- Sérfræðingur í skráningu á rannsóknasviði Þjóðminjasafnsins. Allir minjaflokkar. Áframhaldandi þróun gagnagrunnsins Sarps, m.a. uppbygging rafræns safngripagrunns.

2006-2008:

- Kynningarstjóri Þjóðminjasafnsins, m.a. samskipti við fjölmiðla, ritun fréttatilkynninga og auglýsingagerð, vefstjórn (<http://www.thjodminjasafn.is/>), ritstjórn og útgáfustjórn, móttaka hópa og skipulagning viðburða.

B. Önnur safna- og rannsóknastörf:

2002-2006:

- Þátttakandi í þverfaglegu og alþjóðlegu fornleifarannsókninni á Hólum í Hjaltadal sem Háskólinn á Hólum, Byggðasafn Skagafjarðar og Þjóðminjasafnið stóðu að:
 1. Yfirumsjón fornleifaskráningar í Hjaltadal og Fjarðabyggð.
 2. Þátttaka og verkstjórn í uppgrefti á Hólum.
 3. Handritalestur og skráning. Yfirferð allra úttekta um hús Hólastaðar, þ.e. lýsingar á húsunum, sem geymdar eru á Þjóðskjalasafni Íslands.
 4. Eigin nafnfræðirannsókn: Nytjar í nöfnum. Rannsóknin var gefin út á vegum Hólarannsóknarinnar og Örnefnastofnunar Íslands 2006.

2004:

- Ritari og ritstjóri NORNA, norrænna nafnfræðisamtaka.

2008:

- Úttektir Hólastaðar búnar undir útgáfu í ritinu Bauka-Jón sem Hólaútgáfan gaf út.

2009-2010:

- Þjóðskjalasafn Íslands: Heimildakönnun, handritalestur og gerð jarðavefs sbr. <http://jardavefur.skjalasafn.is/>
- Lækningaminjasafn Íslands: Gerð nýrrar heimasíðu.

2013-2016:

- Safnvörður í Króki, safni á Garðaholti í Garðabæ.

2015-2016:

- Aðstoðarkennari á vorin fyrir nemendur á B.A. stigi í norrænni trú í Háskóla Íslands.

III. Helstu störf á listrænum vettvangi

1997:

- Starfsmaður í kaffigalleríi og listasmiðju, Ömmu í Réttarholti, Ísafold 1997.

1999 og fram til dagsins í dag:

- Útgáfustjóri og framkvæmdastjóri eigin listræns fyrirtækis og forlags, Ljóss á jörð / Jordens lys (<http://www.ljosajorð.is/>).
- Framkvæmdastjórn viðburða í samstarfi við aðra listamenn, rithöfunda, tónlistarmenn og myndlistarmenn. Sérstaklega má nefna:
 1. *Skáldið sem dó & skáldið sem lifir* 2003. Listaveisla með myndlistarsýningu, tónlistarflutningi og ljóðalestri.
 2. *Ljóð í lifið* 2004. Listaveisla með tónlistarflutningi og ljóðalestri.
 3. *Ævintýraheimur ófétanna 2005-2010* (m.a. þátttaka í Jónsmessuleikum á Listasumri á Akureyri með listasmiðjum fyrir börn, sýningar á ýmsum bókasöfnum, uppákomur með upplestri og tónlist, skóla- og leikskólaheimsóknir, tvennir tónleikar í Bústaðakirkju o.s.frv.).
 4. *Óður eilífðar* 2008 (1.) útgáfa 384 bls. bókar með ljóðum Þorgeirs Rúnars Kjartanssonar og listaverkum 10 myndlistarmanna, (2.) tónleikar með stórsveit, kór, leikurum, söngkonu o.fl.
 5. *Skipulagning og framkvæmdastjórn samsýninga í Danmörku*, t.d. "Jordens kræfter - Jordens lys / Frumkraftar jarðar - Funandi ljós" 2010 og "Fra bjerge og brusende vandfald til den bølgende Mariagerfjord" 2012.
 6. *Stofnun ArtGallery DetViVil*, gallerís í Børglum á Norður-Jótlendi (norðan Álaborgar) 2011. Um tuttugu listamenn sýndu að jafnaði í galleríinu.
- Ritstörf, myndlistarsköpun og sýningahald.

IV. Ritverk

A. Ljóð og myndlist:

- *Kveðja til engils* 2003.
- *Gullkornasandurinn* 2004.
- *Í samræðum við þig* 2004.
- *Óður eilífðar* 2008. Heildarsafn með ljóðum Þorgeirs Rúnars Kjartanssonar og myndum eftir hann og fleiri myndlistarmenn. Rúna K. Tetzschner annaðist ritstjórn og myndaritstjórn, er höfundur inngangs ásamt Guðmundi Andra Thorssyni og á myndir í bókinni. Aðrir myndlistarmenn: Hannes Lárusson, Halldór Ásgeirsson, Tómas Atli Ponzí, Friðrikur, Erla Þórarinsdóttir, Gunnar S. Magnússon, Sigurður K. Þórisson og Steingrímur Eyfjörð (384 bls.).

B. Barnaefni:

- Barnaefni í hljóðstöðvum á grunnsýningu Þjóðminjasafnsins 2004, sjá að neðan.
- *Ófétabörnin*, myndskreytt skáldsaga fyrir börn 2005.
- *Ævintýraheimur ófétanna*, barnadiskur með ljóðum og myndskreyttu ljóðakveri 2008. Ljóð og myndir: Rúna K. Tetzschner, lög: Ósk Óskarsdóttir.

C. Á fræða- og safnasviði:

- Fornleifaskráning á Breiðabólstað á Álftanesi 2001.
- Fornleifaskráning í Vatnsdal 2002.
- Fornleifaskráning í Garðahverfi 2004.
- Fornleifaskráning í Mosfellsbæ 2006.
- Nytjar í nöfnum. Örnefni í nágrenni Hóla í Hjaltadal. 2006.
- "Nogle stednavne i nærheden af Hólar i Hjaltadalur." Grein sem birtist í ráðstefnuriti NORNA árið 2008.
- Margmiðlunarkynningar í minjagarði á Hofsstöðum í Garðabæ 2005.
- Margmiðlunarkynning um þróun húsagerðar á Íslandi eftir 1500, 2004.
- Fjögur leikverk í hljóðstöðvum á grunnsýningu Þjóðminjasafnsins 2004:
 1. Landnámskonan og sveinninn Helgi.

2. Miðaldahöfðinginn og höfðingjadóttirinn.
 3. Nunnan í Reynistaðaklaustri og Daði ljósberi.
 4. Prentarinn á Hólum í Hjaltadal og prentaradóttirin.
- Ritstörf í starfi kynningarstjóra Þjóðminjasafns Íslands árin 2006-2008, t.d. kynningargreinar um Þjóðminjasafnið sem birtust í blöðum, fréttatilkynningar og vefgreinar.

V. Viðurkenningar og styrkir

- Úthlutun aðstöðu fyrir listamann og fræðimann í Króki í Garðabæ 2005 og 2013.
- Úthlutun Varmahlíðar, listamanns- og fræðimannshúss í Hveragerði 2006, 2007 og 2013.
- Styrkur frá Hagþenki, félagi höfunda fræðiritra og kennslugagna vegna bókarinnar *Nytjar í nöfnum* 2006.
- Styrkur frá Menningarsjóði til Hólarannsóknarinnar vegna útgáfu sömu bókar.
- Styrkur frá Barnavinafélaginu Sumargjöf vegna *Ævintýraheims ófétanna*, geisladisks fyrir börn og tengdra listrænna viðburða 2006.
- Styrkur frá Minningarsjóði Margrétar Björgólfsdóttur vegna sömu verkefna 2007.
- Styrkur frá Barnamenningarsjóði 2008 vegna sömu verkefna.
- Styrkur frá Iðnaðarráðuneytinu vegna *Veðraspár*, tónlistargjörnings sem hluti af listræna verkefninu *Óður eilífðar* 2008.
- Styrkur frá Tónlistarsjóði vegna *Sálma nútímaskáldsins* sem var hluti af listræna verkefninu *Óður eilífðar* 2008.
- Úthlutun listamannshúss á eyjunni Hirsholm við Frederikshavn á Norður-Jórtlandi 2008.
- Úthlutun listamannshússins Gammel Have á Fjóni 2008.
- Styrkur frá Dansk-Íslenska Samvinnusjóðnum vegna dansk-íslenskra þýðingar- og myndlistarverkefna árin 2008, 2009 og 2012.
- Styrkur frá Dansk-Íslenska sjóðnum vegna sýningarhalds í Danmörku árið 2011.
- Ferðastyrkur frá Hagþenki til að taka þátt í námskeiði um bergristur frá bronsöld í Svíþjóð sumarið 2015.

VI. Myndlistarsýningar

Ísland:

Einkasýningar:

- Bókasafn Kópavogs í tengslum við norræna bókasafnsviku, nóvember 1999.
- Café Karólína, Akureyri, september 2003.
- Gallerí Hornið, Reykjavík, desember 2003.
- Fjöruhúsið, Hellnum á Snæfellsnesi, júní 2004.
- Borgarbókasafnið, aðalsafn, í tengslum við menningarnótt í Reykjavík, ágúst 2005.
- Bókasafn Garðabæjar, nóvember 2005.
- *”Ævintýraheimur ófétanna”*, Kringlunni, Reykjavík, nóvember 2005.
- Deiglan, Akureyri, júní 2006.
- Bókasafn Hveragerðis, október 2006 – janúar 2007.
- Fjöruhúsið, Hellnum á Snæfellsnesi, júní 2007.
- Gallerí L51 ArtCenter, laugavegi 51, 2010-2013. Sérsýningin *”Logafjöll og ljósadans”* í apríl 2012.
- Bókasafn Hveragerðis, mars 2013. Sýndi með Kömmu Nielsdóttur hönnuði.
- Geysir Bistro, Reykjavík, febrúar og mars 2014.
- Sýning í skemmu safnsins í Króki í Garðahverfi, Garðaholti við Garðakirkju, Garðabæ, júní 2013, ágúst 2014 og ágúst 2015. Sýndi með Kömmu.

Samsýningar:

- *”Þetta vilja börnin sjá”*, þátttaka í samsýningu í Gerðubergi, Reykjavík, desember 2005.
- Þátttaka í örsýningum Grósku, samtaka myndlistarmanna í Garðabæ, í skemmunni í Króki á Garðaholti, í tengslum við uppskeruhátíð í Garðabæ, maí 2013 og 2014.
- Þátttaka í jólasýningu Grósku í Gróskusalnum á Garðatorgi, Garðabæ, desember 2013.

- Þátttaka í örsýningu Grósku í Garðaholti samkomuhúsi, í tengslum við uppskeruhátíð í Garðabæ, maí 2015.
- Þátttaka í sýningu Grósku í tengslum við vetrarhátíð, í anddyri Álftaneslaugar, febrúar 2014.
- Þátttaka í eldfjallasýningu Grósku í Gróskusalnum á Garðatorgi, Garðabæ, nóvember 2014.
- Þátttaka í sumarsýningum Grósku, samtaka myndlistarmanna í Garðabæ, í Gróskusalnum á Garðatorgi, Garðabæ, 2014 og 2015.
- Þátttaka í Jónsmessusýningum Grósku meðfram sjávarsíðunni við Sjólandshverfi, Garðabæ, 2014 og 2015.

Listhandverksmarkaðir og messur:

- Þátttaka í handverkssýningu í Hrafnagili, ágúst 2005.
- Þátttaka í Desembermarkaði, listhandverksmarkaði Laugavegi 172, desember 2008.
- Þátttaka í listhandverksmarkaði á Korpúlfsstöðum, Mosfellsbæ, desember 2009.
- Þátttaka í samsýningunni "Eitthvað íslenskt", Skólavörðustíg 14, Reykjavík, desember 2010.
- Þátttaka í listhandverksmarkaði í Ynju, Hamraborg 20a, Kópavogi, desember 2012.
- Sýning á Heimsljós Hátíðinni í Mosfellsbæ, september 2012, 2013 og 2015.
- Sýning á Kærleiksdögum á Narfastöðum í Þingeyjarsveit, október 2012.
- Sýning á Kærleiksdögum á Heilsuhótelinu í Keflavík, nóvember 2012 og 2013.
- Sýning á Kærleiksdögum á Laugarvatni, mars 2014 og 2015.

Danmörk og önnur lönd:

Einkasýningar

- Café Fair, Álaborg, júlí – september 2009.
- Frederikshavn Bibliotek, Kulturhuset, Norður-Jótlandi, ágúst – september 2009.
- "Flammende vulkaner og funklende nordlys" (Logafjöll og ljósadans). Det Hvide Fyr, Skagen, Norður-Jótlandi, 21. júní – 4. júlí 2010.
- Trekanten, bókasafn og menningarhús, Álaborg, 31. ágúst til 29. september 2010.
- Spar Nord, Vester-Hassing, Norður-Jótlandi, 17. ágúst – 17. september 2010.
- Hjallerup Kulturhus, Norður-Jótlandi, janúar og febrúar 2011.
- Frederikshavn Bibliotek, Kulturhuset, Norður-Jótlandi, apríl 2011. Sýndi með Kömmu Nielsdóttur Dalsgaard hönnuði.
- Miðaldaklaustrið Børglum Kloster, Vrå, á Norður-Jótlandi, 5. maí – 15. júní, 2011. Sýndi með Kömmu.
- Kulturhus Måløv, skammt frá Kaupmannahöfn, 31. ágúst – 16. september, 2011. Sýndi með Kömmu.
- Hals Bibliotek, skammt frá Álaborg, júlí 2012.
- Gallerí Hou, Norður-Jótlandi, apríl - september 2012.
- Gallerí Blokhús – Kunstnerhuset Karnappen, Blokhús, Norður-Jótlandi 2012-2015.
- Teosofisk Forening – Guðspekifélagið í Kaupmannahöfn, 1. ágúst – 31. desember 2012. Sýndi með Kömmu.
- Teosofisk Forening – Guðspekifélagið í Kaupmannahöfn, 15. október – 31. desember 2014.
- Akaciehuset, Farum, skammt frá Kaupmannahöfn, ágúst – október 2015.
- Sýning í Huset Inanna, Østerbro, Kaupmannahöfn, október 2015 – janúar 2016.
- Sýning í Sønderhaven, Måløv, skammt frá Kaupmannahöfn, október 2015 – janúar 2016.

Samsýningar:

- Þátttaka í og framkvæmdastjórn íslensk-danskrar samsýningar "Jordens kræfter - Jordens lys" (Frumkraftar jarðar - Funandi ljós) í menningarhúsinu Gøgsgigs Pakhus í Sindal á Norður-Jótlandi, 23.-29. ágúst 2010. Sýndi með Önnu K. Jóhannsdóttur keramikar og myndlistarmanni, Ulla Holm Nielsen keramikar, Kömmu hönnuði og Gitte Lis Thomsen myndlistarmanni.
- Þátttaka í og framkvæmdastjórn sýningar í Kunstgalleri DetViVil, Børglum, Norður-Jótlandi, 24. júní – 25. september 2011. Sýning með myndlist og listhandverki; 14-21 sýnendur. Rúna K. Tetzschner stofnaði gallerið ásamt Önnu K. Jóhannsdóttur, Erlu Poulsen Kjartansdóttur og Gitte Lis Thomsen.
- Þátttaka í páskasýningu Løkken Billedsamling 2012, Bókasafnið í Løkken, Norður-Jótlandi, 5.-9. apríl 2012. Samsýning með níu öðrum listamönnum.
- "Island i fokus". Íslensk-dönsk sýning á Trekanten, menningarhúsi í Álaborg 14.-22. apríl 2012. Sýnendur: Rúna K. Tetzschner, Kamma, Erla Poulsen Kjartansdóttir, Anna K. Jóhannsdóttir o.fl. Skipuleggjendur: Dansk-Islandsk Forening, Foreningen Norden og Trekanten, Kulturhus og Bibliotek.

- Þátttaka í samsýningunni "Cybereliten", Galleri Skovfred, Vordingborg, Suður-Sjálandi 1. júní - 15. júlí 2012.
- Þátttaka og framkvæmdastjórn íslensk-danskrar samsýningar "Fra bjerge og brusende vandfald til den bølgende Mariagerfjord" í menningarhúsinu Det Røde Pakhus, Hobro, Norður-Jótlandi, júlí 2012. Sýnendur: Rúna K. Tetzschner, Anna K. Jóhannsdóttir, Jóhanna K. Óskarsdóttir, Erla Poulsen Kjartansdóttir, Karin Lykke Waldhausen, Else Rasmussen, Karen-Lisbeth Rasmussen, Lone Worsøe, Dagrún Íris Sigmundsdóttir og Kamma Níelsdóttir Dalsgaard.
- Þátttaka í októbersýningu í Kunstgalleri DetViVi í Børglum 1.-31. október 2012.
- Þátttaka í samsýningu í menningarhúsinu Det Røde Pakhus, Hobro, Norður-Jótlandi, júlí 2014. Skipuleggjandi: Erla Poulsen Kjartansdóttir.

Listhandverksmarkaðir og messur

- Þátttaka í heilsu- og listmessu, Musikhuset, Esbjerg, Suður-Jótlandi, 25.-26. september 2010.
- Þátttaka í listhandverksmarkaði í Mariager, Norður-Jótlandi, júní 2009, og 11. og 18. júlí 2010.
- Þátttaka í listhandverksmarkaði, Gallerí Hou, Norður-Jótlandi, júní 2009 og júlí 2011.
- Þátttaka í listhandverksmarkaði í menningarhúsinu Huset, Álaborg, 6. september 2009 og 5. september 2010.
- Þátttaka í listhandverksmarkaði í safninu Godthåb Hammerværk, Svenstrup, skammt frá Álaborg, 12. september 2010 og 11. september 2011.
- Þátttaka í heilsu- og listmessu í Aalborg Kongres & Kultur Center, Álaborg, mars 2011 og 2012.
- Þátttaka í listhandverksmarkaði, Sæby Havn, Norður-Jótlandi, 16.-17. júlí 2011.
- Þátttaka í heilsu- og listmessum í NRGi Park, Árósum, október 2011, september 2012, og október 2014.
- Þátttaka í heilsu- og listmessu í Falconer Centret, Frederiksberg, Kaupmannahöfn, febrúar 2012, 2015 og 2016.
- Þátttaka í heilsu- og listmessu, Mystikkens Univers, Østerbrohuset, Kaupmannahöfn, nóvember 2014 og októberlok 2015.
- Þátttaka í heilsu- og listmessu í Ceres Park, Árósum, október 2015.
- Þátttaka í heilsu- og listmessu á Norges varemesse, Osló, nóvember 2015.
- Þátttaka í heilsu- og listmessu, Solnahallen, Stokkhólmi, nóvember 2015
- Þátttaka í listhandverksmarkaði á Kronborg Slot, Helsingør, Danmörku, nóvember og desember 2015.



HÁSKÓLI ÍSLANDS

HEIMSPEKIDEILD

gerir kunnugt:

Rúna Knútsdóttir Tetzschner

hefur að loknu námi og tilskildum prófum í

íslensku

hlotið lærdómstitilinn

baccalaureus artium

Til staðfestingar er nafn forseta heimspekideildar.

REYKJAVÍK, 21. júní 2003


Anna Ágústsdóttir

Garðabæ 1. Apríl 1996.


Leikskólinn Kirkjuból
v/Kirkjulund
210 Garðabæ

Okkur er sönn ánægja að gefa Rúnu Knútsdóttur Tetzshner kt.060367-4429 okkar bestu meðmæli. Rúna hefur starfað við leikskólann Kirkjuból frá október 1989-september1990. Síðan vann hún í sumarafleysingum sumrin 1991, 1992, 1993,og 1994.

Rúna var mjög stundvís, vinnusöm og áreiðanleg í starfi. Munu þeir kostir eflaust nýtast henni vel í öðrum störfum.



Ósk Reynaldsdóttir
leikskólastjóri



Þuríður Bogadóttir
deildarstjóri



Til þeirra er málið varða

Reykjavík, 11. mars 2008
Tilvísun: 2005060003/123.2

Efni: Umsögn um Rínu K. Tetzschner

Það vottast hér með að Rína K. Tetzschner hefur starfað við Þjóðminjasafn Íslands 1998-2008. Rína starfaði sem sérfræðingur í afar fjölbreyttum verkefnum á starfsviði Þjóðminjasafns Íslands og síðustu tvö árin sem kynningarstjóri safnsins þar sem reynsla hennar og hæfileikar nutu sín afar vel. Rína er fjölhæfur og vandaður starfsmaður, sem hefur nýst henni vel í hvers kyns fræðistörfum, ritstörfum og kynningarmálum innan safnsins. Hún hefur komið að fjölmörgum sérhæfðum verkefnum þennan áratug, eins og ferilskrá hennar gefur til kynna. Starf hennar hefur ávallt einkennst af fagmennsku og vandvirkni.


Sem kynningarstjóri Þjóðminjasafns Íslands hefur Rína haft umsjón með kynningarstarfi almennt, sem m.a. hefur falið í sér tengsl við fjölmiðla, samstarfsaðila og samstarfsmenn. Hún hefur auk þess haft umsjón með vef safnsins og náð mikilvægum áföngum í því viðamikla verkefni. Rína er afar ritfær, sem hefur nýst henni vel í þeim verkefnum sem hún hefur tekið að sér. Hún hefur ávallt sýnt mikinn metnað í starfi sínu, og lagt sig fram um að ná góðum árangri í því sem hún hefur fengist við. Rína hefur þannig tekið þátt í mótun ímyndar safnsins með einkar vönduðum hætti. Hennar þáttur var mikilvægur í því að móta sterka ásjúnd safnsins til safngesta með fræðilega fagmennsku að leiðarljósi.

Rína K. Tetzschner hefur fjölþætta færni, sem nýttust henni vel í starfi og öðlaðist hún jafnframt margþætta reynslu í þeim verkefnum sem henni voru falin þau tíu ár sem hún starfaði við Þjóðminjasafn Íslands á uppbyggingarskeiði þess. Hún er hreinskiptin og nákvæm í störfum sínum, og jafnframt viðkvæmur listamaður í eðli sínu.

Þjóðminjasafn Íslands metur mikils störf Rínu K. Tetzschner og óskar henni velfarnaðar í framtíðinni.

Undirrituð er tilbúin til þess að veita frekari umsögn verði þess óskað.

Með vinsemd og virðingu


Margrét Hallgrímsdóttir,
Þjóðminjavörður



Reykjavík 20. febrúar 2005

Til þess sem málið varðar

Grunnsýning Þjóðminjasafnsins, *Þjóð verður til – menning og samfélag í 1200 ár*, felur í sér túlkun og endurmat samtímans á Íslandssögunni. Við framsetningu sýningarinnar var tekið mið af helstu nýjungum í sýningargerð og haft að leiðarljósi að bjóða upp á fjölbætta upplifun. Lögð var áhersla á að hún yrði áhugaverð fyrir kröfuharða safngesti nútímans og sameinaði afþreyingu og fræðslu. Kostir margmiðlunar voru nýttir til þess að skapa eftirminnilega upplifun, og er gestum m.a. gefinn kostur á að hitta fyrir íbúa, Íslendinga liðinna alda, sem spegla tíðaranda hvers tímabils á einn eða annan hátt með „röddum“ sínum.

Rúna K. Tetzschner var fengin til að stýra verkefninu um íbúana. Rúna mótaði verkefnið að stærstum hluta og sýndi hversu skapandi og hæfileikarík hún er því verkefnið fól í sér að semja handrit fyrir íbúastöðvarnar en í hverri þeirra eru raddir einnar fullorðinnar manneskju og eins barns. Hún átti einmitt frumkvæði að því að börn yrðu kynnt til sögunnar og fengju sína rödd. Það sýndi sig í verkáætlunum og kostnaðaráætlunum hversu skipulögð og nákvæm Rúna er. Hún sá um að ráða fagfólk og sérfræðinga til ýmissa þátta verkefnisins, má þar nefna yfirlesara, þýðendur, leikara og aðra flutningsmenn. Rúna sá um samskipti við hljóðver og leikstýrði upptökum. Ásamt sérfræðingum valdi hún líka tónlist til að ná fram þeim áhrifum sem tíðarandi viðkomandi íbúastöðvar kallaði eftir. Óhætt er að segja að undir stjórn Rúnu var verkefninu lyft á hærra plan en vonir stóðu til í upphafi.

Eftir að sýningin var opnuð hafa raddir íbúanna einnig nýst einkar vel í safnkennslu, þær hafa auðveldað gestum og þá ekki síst börnum að setja sig í spor þeirra íbúa sem hafa lifað í landinu frá Landnámi til dagsins í dag.

Guðrún Guðmundsdóttir
sýningarstjóri

Brynhildur Ingvarsdóttir
sviðstjóri miðlunarsviðs

Garðabæ, 29. febrúar 2006

Mér undirritaðri er sönn ánægja að því að veita Rúnu K. Tetzschner mín bestu meðmæli, en við höfum starfað náið saman í tíu ár.

Rúna gerðist aðstoðarmaður við fornleifauppgröft sem ég stjórnaði að Hofsstöðum í Garðabæ 18. júní til 26. ágúst árið 1996. Hún kom aftur að rannsókninni sumarið 1998 frá 18. maí til 1. október og annaðist þá úrvinnslu gagna í mánuð og þar eftir fornleifauppgröft. Það sumar var hún aðstoðarstjórnandi verkefnisins.

Rúna gengur að hverju verki með sama eldlega áhuga og samviskusemi. Hún er fljót að tileinka sér nýjar aðferðir og vinnubrögð í rannsóknum og hlífir sér ekki, þótt fornleifagrefti fylgi oft átök og erfiði.

Rúna hefur unnið og tekið þátt í Hólarannsókninni á Hólum í Hjaltadal frá því að hún hófst árið 2002 og stýrt ýmsum verkefnum hennar sem lúta að hennar sérsviði. Hún vann að BA ritgerðinni sinni Nytjar og örnefni í Hjaltadal í tengslum við Hólarannsóknina. Meðal markmiða Hólarannsóknarinnar er að hvetja til þverfaglegra rannsókna og nýrrar nálgunar á sviði menningarsögulegra rannsókna. Verkefni Rúnu hefur mikla þýðingu í því sambandi. Rúna hefur auk þess unnið við að skrifa upp og rannsaka úttektir sem eru til um Hólastað. Hefur hún stýrt því verkefni frá árinu 2002 og mun á þessu ári ljúka fyrsta áfanga þess. Fagmennska, þekking og vandvirkni hefur einkennt hennar störf fyrir Hólarannsóknina.

Rúna er ekki eingöngu hæfur rannsakandi og frábær starfskraftur. Kostir hennar í mannlegum samskiptum verða augljósir eftir stutt kynni því að hún lætur sér umhugað um aðra og hefur þægilega nærveru.

Ekki hefur fallið skuggi á okkar samskipti allan þann áratug sem við höfum unnið saman. Ég leyfi mér því að líta á Rúnu sem vinkonu ekki síður en mikils metna samstarfskonu.

Með vinsemd og virðingu,



Ragnheiður Traustadóttir, fornleifafræðingur,
framkvæmdarstjóri Hólarannsóknarinnar



Reykjavík, 23. ágúst 2000

Rúna Knútsdóttir Tetzschner vann í 2 mánuði sumarið 1999 sem upplýsingafulltrúi við fornleifauppgröft í Reykholti í Borgarfirði sem undirrituð stjórnar. Fengist hafði styrkur úr Nýsköðunarsjóði námsmanna til verkefnisins. Starfið fólst í því að miðla upplýsingum til ferðamanna um framgang fornleifarannsóknarinnar, komast að því hverjar fræðsluþarfir þeirra væru, vinna texta á upplýsingaskilti um uppgröftinn og taka þátt í sjálfri uppgraftervinnunni. Þetta var í fyrsta skipti sem leiðsögumaður hafði verið ráðinn með uppgrefti á Íslandi og leysti Rúna starfið mjög vel af hendi, vann bæði sjálfstætt og samviskusamlega. Þessi nýja þjónusta við uppgröftinn vakti mikla athygli og mæltist mjög vel fyrir hjá þeim sem heimsóttu staðinn.

Dr. Guðrún Sveinbjarnardóttir
Stjórnandi uppgrafterins

Reykjavík 5.9.2012

Til þeirra sem málið kann að varða

Ég vann með Rúnu K. Tetzschner að útgáfu ljóðabókarinnar Óður eilífðar þar sem hún safnaði saman ljóðum eftir manninn sinn heitinn, Þorgeir Rúnar Kjartansson, og stóð síðan fyrir viðburðum sem tengdust þeirri útgáfu. Það var mjög gott að vinna með henni. Hún er hörkudugleg og áreiðanleg, listfeng, elskuleg og sérlega vandvirk.

Guðmundur Andri Thorsson
ritstjóri og rithöfundur
s. 897 6571

5. september 2012

Til þeirra er málið varðar

Umsögn um Rúnu K. Tetzschner

Mér undirrituðum er sönn ánægja að veita Rúnu K. Tetzschner mín bestu meðmæli, en við höfum starfað náið saman að ýmsum listrænum verkefnum síðan 1999.


Stærsta verkefni okkar var myndað kringum útgáfu á bókinni Óður eilífðar árið 2008 og tónleika í Iðnó í tilefni af útgáfunni.

Skemmst er frá því að segja að Rúna stýrði verkefninu af óbilandi eldmóði og atorku og tókst að fá stóran hóp ólíkra listamanna til að vinna saman við krefjandi og erfiðar aðstæður, en verkefnið var framkvæmt í miðju hruninu 2008 og að mestu leyti rekið án styrkja.

Rúna er duglegur og einbeittur skipuleggjandi sem á auðvelt með að tendra upp í fólki og fá það til samstarfs. Hún er vandvirk og metnaðarfull og fylgir verkefnum sínum vel eftir frá upphafi til enda.

Undirritaður er tilbúinn að veita nánari umsögn sé þess óskað.

Með vinsemd og virðingu



Hörður Bragason
organisti og tónskáld

Sími 698 1817

Netfang hbragason@gmail.com

